

## Fundargerð

Stjórnarfundur Almannaheilla var haldinn fimmtudaginn 24. ágúst 2023 kl. 12:00 í húsnæði Almannaheilla, Urriðaholtsstræti 14, 210 Garðabæ.

**Mætt:** Guðrún Helga Harðardóttir, Hildur Helga Gísladóttir, Ingveldur Jónsdóttir, Tómas Torfason, Sigríður Sólan, Tryggvi Axelsson, Una Sveinsdóttir og Viðar Eggertsson.

**Fjarverandi:** Anna Margrét Hrólfsdóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Ásdís Eva Hannesdóttir, Berglind Gunnarsdóttir Strandberg, Ragnhildur Freysteinsdóttir.

## Dagskrá

### 1. Fundur settur

Formaður bauð fólk velkomið og setti fundinn.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar verður löguð og uppfærð í Teams til að stjórnarmenn geti lesið hana yfir. Á næsta stjórnarfundum verður farið yfir fundargerðina.

### 3. Dagskrá stjórnar fram að áramótum

Á síðasta fundi var rætt að setja niður dagskrá fyrir haustið þannig að fundatímar liggi fyrir fram í tímann. Farið var yfir dagskrá stjórnar fram að áramótum og sett fram fundaráætlun (staðfundir/fjarfundir):

- 21. sept. kl. 12 -14
- 26. okt. kl. 12 -14
- 16. nóv. kl. 12-14
- 14. des. kl. 12-14

Ákveðið var að biða með ákvörðun síðasta fundar um halda stjórnarfundum hjá mismunandi aðildarfélögum á meðan gengið er frá samningum um húsnæði Almannaheill í Urriðaholti. Þið verður því á að við kynnum okkur starfsemi annarra félaga.

Farið var yfir tillögur að markmiðalista fyrir veturinn sem Tómas lagði fyrir fundinn skv. umræðum fyrri funda. Skráðar voru tillögur um fólk sem væri til í sitja í hverjum vinnuhóp í vetur.

### 4. Verkefnalisti og nefndar/hópastörf

Verkefnalisti, nefndir og hópastörf

Sjá meðfylgjandi skjal með drögum að verkefnalista stjórnar árið 2023 – 2024 á

[https://docs.google.com/document/d/1-1CVdcHq9coQVIEG2xSct8Y2\\_6Pcy87h9A\\_wZi5GVtI/edit](https://docs.google.com/document/d/1-1CVdcHq9coQVIEG2xSct8Y2_6Pcy87h9A_wZi5GVtI/edit)

Rætt var um verkefnalistann. Kallað var eftir að stjórnarmenn skrái sig á vinnuhópa sem þeir telja sig geta lagt eitthvað af mörkum. Rætt var hvar fólk vill staðsetja sig í vinnu og verkefnahópum.

### Skattamál

Fjallað var um virðisaukaskatt og fleira í skattaumhverfi almannaheillafélaga þar sem við teljum að við séum eftirbátar annarra landa og þurfum að bæta vel úr. Stjórnvöld þurfa að aðstoða almannaheillafélög með endurgreiðslur á VSK t.d. af viðhaldi á húsnæði og rekstri. Þetta myndi skila félögunum miklu fé.

Margt hefur áunnist en margt er enn ógert og erum við eftirbátar annarra þjóða. Mikilvægt er að hefjast handa en það mun taka tíma að vinna í þessum verkefnum og fá breytingar í geng.

### Fræðslustarf

Fræðslumál þarf að skipuleggja og setja upp námskeiðsdagskrá fyrir veturinn. Hugmynd um að nýta t.d. fræðslufulltrúa félaganna til að koma með hugmyndir að fræðsluefni um eitthvað sem myndi í raun henta félögunum sjálfum og þeirra fólki.

Anna Margrét og Jón Aðalsteinn vinna bæði í þessum málaflokki og væri kjörið ef þau gætu tekið að sér verkefni.

### Almannaheillafélög

Rætt var hvað almannaheillafélög eru. Í Almannaheillum eru 40 félög en hjá skattinum eru skráð almannaheillafélög yfir 400 kennitölur. Hugsanlega eru stóru félögin með mörg dótturfélög á sérstökum kennitölum án þess að þau séu skráð í Almannaheill. Hvað skattalöggjöfina varðar þá njóta dótturfélögin oft góðs af breytingum en ekki móðurfélagið sjálft.

### Kynningarstarf

Rætt var að uppfæra þarf heimasíðuna og vinna meira í samfélagsmiðlum. Einnig er mikilvægt að fjölga aðildarfélögum. Markaðsmálin þarf að skoða og það hvernig við nýtum miðlana okkar til að kynna félagið og efla áhuga á að gerast aðilar.

Efla þarf tekjupósta félagsins og skoða fleiri möguleika til tekjuöflunar félaga.

Við þurfum að hækka rödd félagsins og fá með okkur sterkar raddir almannaheillafélagsfélaga, t.d. í umsögnum um lagabreytingar.

### Fundur fólksins/hátíðin

Fundur fólksins var ræddur og staðan á undirbúningi hans. Hvernig gengur að skipuleggja fundinn og hvað þarf að gera? Hvað liggur fyrir og hvað er eftir? Fólk ræðir efni fundarins og umgjörð. Rætt um að skoða umgjörðina eftir hátíðina, hvernig gekk og hvernig var þátttakan. Rætt var um skipulag hátíðarinnar, uppsetningu hennar og hvernig hún er markaðssett til að fjölga þátttakendum. Hvað kostar hátíðin í heild sinni? Fundur verður á miðvikudaginn í næstu viku til að undirbúa fundinn.

### Aðalfundur 2024

Rætt var að halda þyrfti betur utan um fundarstarfið, að fundurinn þurfi að vera formfastari og þess betur gætt að þátttakendum í atkvæðagreiðslum séu fulltrúar aðildarfélaga Almannaheilla hafi greitt félagsgjöld.

### Samfélagsleg nýsköpun

Samfélagsleg nýsköpun er tilraunaverkefni með Garðabæ og fyrirtækinu Einurð sem hefur aðstöðu hjá okkur í Urriðaholtinu. Tómas hefur verið að kynna sér málið og skoða um hvað það snýst.

### Sjálfbóðaliði ársins

Það þarf að senda auglýsinguna út í vetur og kynna dag sjálfbóðaliðans, kynna daginn fyrir fólki og stilla þessu upp með fyrirvara og reyna að gera aðeins meira úr þessu þannig að þetta festist í sessi.

### Heimsmarkmiðin

Almannaheill hefur haldið námskeið til að kynna Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Forsætisráðuneytið hefur greitt Almannaheillum fyrir þetta verkefni samkvæmt samningi síðustu árin.

### Almannaheill

Rætt var um umgjörðina á Almannheill. Hver svarar síma, tölvupósti, sinnir heimasíðu og þess háttar verkefni sem þarf að skilgreina.

### Skjalavarsla

Rætt var að fara yfir skjalasafnið og allar fundargerðir og koma ákveðnu verklagi á allt utanumhald. Vista þarf skjöl stjórnar á svæði sem allir í stjórninni hafi aðgang að. Þannig að þeir sem taki við hverju sinni hafi gott aðgengi að öllum upplýsingum, gögnum og forsögu verkefna til að geta haldið áfram.

## **5. Önnur mál**

### Norræna velferðarnefndin

Kynnt var starf sem er í gangi vegum Norrænu velferðarnefndarinnar um samfélagssamning. Norræna ráðherranefndin vill hafa almannaheillafélögin með sér þegar ná á markmiðunum 2030. Verið er skoða þrjú svið félagslegrar sjálfbærni, samkeppnishæfni og græn Norðurlönd. Fundir eru á netinu. Varaformaður Almannaheilla hefur sinnt þessu verkefni fyrir hönd félagsins.

## **6. Næsti fundur**

Samkvæmt ákvörðun í lið #3

## **7. Fundi slitið**

Fundi slitið kl. 13.58.

Fundinn ritaði Guðrún Helga Harðardóttir.